



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík 19. ágúst 2022

Umsögn um öryggisflokkun gagna íslenska ríkisins, mál nr. 103/2022

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar skjal um öryggisflokkun gagna ríkisins, mál nr. 103/2022 sem birt var í Samráðsgátt 21. júní sl.

Samtökin hafa kynnt sér þetta skjal og óska eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Samtök iðnaðarins fagna því að vinna sé hafin við að samræma öryggisflokkun fyrir gögn ríkisins. Samtökin telja þetta framfaraskref og telja sýnt að faglega hafi verið að flokkuninni staðið en óska eftir nánari upplýsingum um ákveðin efnisatriði skjalsins sem nauðsynlegt er að skýra.

Þá gera samtökin athugasemd við að hafa ekki fengið sæti í vinnuhópi en upplýsingatæknifyrirtæki eru undir hatti SI. Sérþekking og reynsla félagsmanna sem hýsa gögn og vinna með þau á degi hverjum er ómetanleg þegar kemur að því að móta stefnu til framtíðar og samráð við breiðari hóp sérfróðra aðila hefði styrkt vinnuna.

1. Öryggisflokkun

Í fyrsta lagi fagna samtökin áherslu 1 sem kveður á um að gögn skuli vera opin nema annað sé ákveðið. Mikilvægt er að hamla ekki aðgang almennings og fyrirtækja að gögnum ríkisins nema ríkt tilefni sé til. Dæmi eru um fyrirtæki hér á landi sem hafa búið til afurð með téðum gögnum og skapað þannig arð fyrir þjóðarbúið og aukið skilvirkni ríkisins með því að búa til lausn sem auðveldar notkun gagnanna.

Í öðru lagi fagna samtökin því að áhersla sé lögð á að gögnin sjálf ákveði umfang afmörkunar aðgengis að gögnum og að lagt sé upp með að innan tiltekins gagnaflokks geti ólík gögn tilheyrt mismunandi öryggisflokki.

Samtökin gera því ekki athugasemdir við flokkunina en telur að gera hefði mátt betur grein fyrir mikilvægum atriðum. Samtökin telja þörf á nánari útlistun og greiningu á því hvernig öryggisflokkarnir sem skilgreindir eru í skjalinu kallast á við núgildandi löggjöf, t.a.m. gagnavart



upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða nr. 78/2019.

Samtökin telja að fjalla þurfi nánar um um líftíma gagna en eins og fram kemur í skjalinu eru öll skjöl varðveisluskyld um ókominn tíma samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn. Þó gilda ákveðnar grisjunarheimildir eins og fram kemur og er mikilvægt að ekki sé uppi vafi á því hvort öryggisflokkunin breyti núgildandi túlkun á téðum reglum. Samtökin hvetja til þess að nánar verði fjallað um áhrif öryggisflokkunarinnar á lög um opinber skjalasöfn og lagt verði ítarlegra mat á hvernig þessi regluverk munu koma til með að vinna saman.

2. Mat á hæfni við vistun á gögnum

Samtökin gera athugasemd við það fyrirkomulag sem lagt er til varðandi mat á hæfni vinnslu- og vistunaraðila gagna. Í skjalinu er ekki fjallað um hvers kyns öryggiskröfur verði lagðar á vinnslu- og vistunaraðila gagna en þó er tiltekið að mat á hæfi aðila verði hluti af opinberu innkaupaferli. Ekki er ljóst af skjalinu að dæma hvort vinnuhópurinn muni af öryggisflokkun lokinni fjalla nánar um öryggiskröfur eða hvort öðrum vinnuhópi verði falið að meta slíkt. Þá er ekki fjallað um þær öryggiskröfur sem stjórnvöld gera í dag til hýsingaraðila. Af orðanna hljóðan í kafla 7.2 sem fjallar um vistunarstaði gagna má ráða sem svo að hugsunin sé að einungis þeir aðilar sem farið hafa í gegnum formlegt útboðsferli og uppfylli þær kröfur sem Ríkiskaup í samstarfi við aðrar ríkisstofnanir setji fram í útboðslýsingu hverju sinni. Samtökin gera athugasemd við þetta fyrirkomulag og óska eftir svari við eftirfarandi spurningum:

- 1) Er gerð skýlaus krafa um það þegar ríkisstofnun velur vinnslu- og vistunaraðila gagna að farið verði í útboð þrátt fyrir þær reglur sem gilda um viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt útboðslögum?
- 2) Er stefnan sú að hýsingar- og gagnavinnsluverkefni verði að meginstefnu til boðin út hér á landi en að aðilar innan EES hafi einnig heimild til þess að hýsa gögn eða verður gerð krafa um að útboð um þessi verkefni fari alltaf fram á EES-svæðinu?
- 3) Hefur Ríkiskaup ákvörðunarvald í að ákveða í samstarfi við viðeigandi ríkisstofnun hvers konar öryggiskröfur verði gerðar til hýsingar- og vinnsluaðila? Samtökin draga í efa að slíkt fyrirkomulag skapi traust og fyrirsjáanleika í stjórnkerfinu og vilja eindregið leggja til að farið verði í vinnu við að greina og ákveða öryggiskröfur sem gerðar verða fyrir fram og að ákveðnu hlutlausu stjórnvaldi verði falið að framfylgja þeim kröfum.

Samhliða þessu er nauðsynlegt að skýrt sé frá upphafi hversu víðtækar öryggiskröfurnar eru. Sérstaklega er mikilvægt að skoða stöðu þriðja aðila sem getur verið þjónustufyrirtæki fyrir aðila sem metinn er hæfur af ríkisvaldinu. Skýra þarf hvers konar öryggiskröfur sá aðili þarf að uppfylla og hver er hæfur til að meta það.

Sem fyrr segir er ekki fyllilega ljóst hvort öryggiskröfur hafi fallið utan við verkalýsingu vinnuhópsins en vilja þó koma á framfæri ofangreindum athugasemdum. Þá óska samtökin eftir upplýsingum um hvort og hvenær verði fjallað um öryggiskröfur og bjóða fram aðstoð sína við það verkefni.



Lokaorð

Stafræn væðing eykur skilvirkni, gagnsæi og fyrirsjáanleika ef rétt er að henni staðið. Vanþekking og ótti við skýjalausnir og gervigreind getur, skiljanlega, haft þær afleiðingar að tæknin og þeir möguleikar sem í hagnýtingu hennar felast eru ekki nýttir til fulls. Því fagna samtökin því að stjórnvöld taki þetta mikilvæga skref til að skapa aukið traust og fyrirsjáanleika við notkun tækninnar þegar kemur að flokkun gagna ríkisins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads "Nanna Elísa Jakobsdóttir".

Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI